

Leikskólinn Lækur

Starfsáætlun 2024 – 2025



Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Anna Guðrún Maríasdóttir leikskólastjóri
Eyrún Brynjólfsdóttir aðstoðarleikskólastjóri

Efnisyfirlit

1. Formáli.....	3
2. Inngangur	3
Skólastarfið í Læk.....	4
3. Leiðarljós leikskólans	7
4. Mat á skólastarfi	7
Innra mat leikskólans	7
Innra mat: Álfhóll / Víghóll	7
Innra mat: Laufið / Lyngið	11
Innra mat: Hvammkot / Þinghóll.....	12
5. Áherslur í starfi leikskólans	13
Þróunar- og nýbreytnistarf	13
6. Foreldrasamstarf	13
Foreldraráð	13
Foreldrafélag	14
7. Starfsmannamál	14
8. Símenntunaráætlun.....	14
Skipulagsdagar.....	15
9. Aðrar upplýsingar	16
Fjöldi barna	16
Húsnæði og lóð	16
Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025.....	16
Öryggismál	16
Hagnýtar upplýsingar.....	17

1. Formáli

Markmið starfsáætlunar er að gera skólapróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir eru farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veitir starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað er um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Foreldraráð leikskólans gefur umsögn með starfsáætluninni sem síðan fer til samþykktar hjá leikskólanefnd Kópavogs. Ítarlegri upplýsingar um leikskólann, stefnu hans, dagskipulag, foreldrasamstarf og fleira má finna í skólanámskrá og á heimasíðu leikskólans.

2. Inngangur

Í mars 2023 urðu miklar breytingar í leikskólanum Læk þegar leikskólastjóri til margra ára fór í ótímabundið leyfi og aðstoðarstjóri leysti hana af. Ekki var farið í að ráða aðstoðarleikskólastjóra þar sem óvíst var hversu lengi hún yrði frá. Veturinn var ansi krefjandi og mikið um veikindi í starfsmannahópnum en allt okkar góða starfsfólk hjálpaðist að við að halda dagskipulagi og faglegu starfi í réttu horfi.

Miklar breytingar urðu svo í september þegar Kópavogsbær breytti áherslum í leikskólamálum. Margir foreldrar/forsjáraðilar styttu vistunartíma barna sinna og auðveldara varð að leysa vinnustyttingar starfsfólk þar sem þær eru nú að miklu leiti teknar út í vetrar-, jóla- og páskafríum. Við fundum fyrir því að rólegra andrúmsloft skapaðist í byrjun og lok dags, veikindafjarvera minnkaði og betur gekk að ráða starfsfólk.

Á vormánuðum 2024 var svo farið í að ráða aðstoðarleikskólastjóra þar sem leikskólastjóri hafði ákveðið að taka sér ársleyfi frá störfum en hefur nú sagt upp og mun ekki koma aftur til starfa í Læk. Það urðu einnig töluverðar breytingar með haustinu þar sem

sérkennslustjóri óskaði eftir árs leyfi og var önnur ráðin í hennar starf og Álfhóll, Lyngið, Hvammkot og Þinghóll fengu nýja deildarstjóra.

Skólaárið 2024-2025 hefur farið ágætlega af stað, það tók svolítið á að vera í óvissu um hvort að fráfaraandi leikskólastjóri kæmi til baka og voru stjórnendur því svolítið ragir við ákvarðanatöku. Nú upplifa skólastjórnendur góðan anda í starfsmannahópnum, það er hugur í starfsfólki til breytinga og höfum við verið að tileinka okkur breytingar á Aðalnámskránni með að gefa sjálfsprottna leiknum meira rými í dagskipulaginu. Við höldum áfram í innleiðingaferlinu og stefnum á að verða Réttindaskóli UNICEF í vor.

Skólastarfið í Læk

Skólastarf er í sífelldri mótun og starfið tekur stöðugum breytingum og þróast í takt við þann hóp sem kemur að leikskólanum hverju sinni. Í leikskólanum er höfuðáhersla lögð á gæði í samskiptum enda eru þau grundvallarþáttur í öllu starfi skólans og einnig skipar Læsi stóran sess í starfinu ásamt ýmsum hefðum sem skapast hafa í tímanna rás.

Breytingar á Aðalnámskrá leikskóla eru stærsta verkefnið okkar á líðandi og komandi skólaári. Vægi sjálfsprottins leiks fær meiri athygli, við ætlum að vinna markvisst með hann og dýpka okkur í því starfi.

Einkunnarorð leikskólans eru sjálfræði, umhyggja og virðing

Markmið skólans er að virðing sé borin fyrir öllum þeim sem að leikskólanum koma. Við berum virðingu fyrir hvert öðru jafnframt því að bera ábyrgð á eigin hegðun og gjörðum. Í Læk er áhersla lögð að valdefla börnin og hvetja þau til sjálfstæðis, það er gert í vali, í skoðunum, tjáningu og í verkum.

Markviss vinna með gildi leikskólans að leiðarljósi

Í Læk var áfram unnið markvisst með Barnasáttmálann. Verkefni voru tengd og unnin út frá gildum þess tíma sem átti við hverju sinni. Skoðuð voru hugtök um réttindi út frá Barnasáttmálanum. Áhersla var lögð á grundvallarhugtök í mannréttindafræðslu.

Í september var unnið með verkefni tengt Heimsmarkmiðunum út frá gildum leikskólans; Þá var einnig unnið með matarmenningu. Gildin sem unnið var með voru: að sýna börnum virðingu, ýta undir sjálfræði þeirra og að láta í ljós umhyggju þegar börnin eru annars

vegar. Með þessi markmið í huga var leitast eftir að: auka heilsu og vellíðan barna ásamt því að taka ábyrgð á neyslu og framleiðslu. Verkefnið gekk út á það að vigta matarleifar daglega og skrá það niður. Verkefnið var unnið með tveimur elstu árgöngum leikskólans. Markmiðið var að draga úr matarsóun og vera með því virkur þátttakandi í að draga úr mengun.

Í október og nóvember notuðu börnin í stóra Læk tímenn til að hugleiða og teikna myndir tengdar Barnasáttmálanum. Myndunum var safnað saman og táknuðu myndirnar hugmyndir barnanna um réttindi sín. Foreldrar voru hvattir til að nýta Barnaréttindadaginn 20. nóvember til að leika við börnin sín og senda mynd af þeim degi til að skreyta skólann.

Á síðasta skólaári tók Lækur þátt í 4 verkefnum fyrir e-Twinning. Börnin tóku þátt í sýningu sem haldin var á netinu en þá unnu börnin verk í kringum réttindi barna. Þau tóku einnig þátt í alþjóðlegri sýningu þar sem teikningar þeirra voru sýndar. Teikningarnar sýndu skoðanir þeirra á réttindum sínum. Eitt af réttindunum var réttur barna til að leika sér.

Barnaþing

Á Barnaþingi tóku börnin þátt í skólastarfi og voru að fræðast um hvernig hægt væri að koma gildunum okkar í framkvæmd. Gildin sem unnið var með á Barnaþingi voru: umhyggja, hlýja og þátttaka. Börnin héldu vetrarhátíð sem byggð var upp með réttindum barna. Börnin á Barnaþingi völdu grein númer 31: Rétturinn til leiks. Um jólin var Barnaþing í samstarfi við börn frá e-Twinning til að fræðast um jólin á Íslandi.

Á vefsíðu leiksskólans er hægt að fylgjast með hvað við erum að gera á Barnaþingi.





Þemavikan

Þemavika var haldin í Læk. Viðfangsefnið var vatnið. Verkefnið var unnið á öllum deildum en mismunandi útfærsla milli deilda. Þetta var partur af stærra verkefni sem unnið var með í e-Twinning þar sem tilgangurinn var meðal annars að læra að meta hreint vatn, að upplifa vatn á ýmsan hátt og læra um mikilvægi vatnsins.

Í desember æfði svo elsti árgangur jólasögna sem sýnd var í leikskólanum. Börnin buðu foreldrum og forsjáaðilum á sýninguna. Þetta er árlegur viðburður og er foreldrum og forsjáaðilum allra deilda boðið í aðventukaffi í framhaldi af sýningunni.

Foreldrafélagið bauð Skjóðu í heimsókn á aðventunni og hélt hún utan um jólaball leikskólans ásamt þremur jólasveinum sem foreldrafélagið bauð börnunum upp á. Einnig hefur foreldrafélagið séð um að kaupa jólagjafir sem jólasveinarnir hafa afhent börnunum á jólaballinu og hafa þær síðastliðin ár verið bókgjafir.



3. Leiðarljós leikskólans

Sjálfræði, umhyggja og virðing eru einkunnarorð leikskólans. Með þessi orð að leiðarljósi leggjum við áherslu á að hvetja og styðja börn í leik og starfi. Í Læk er lagt upp með lýðræðislega nálgun og þannig komið á móts við þarfir hvers einstaklings. Markmið leikskólans er að virðing sé borin fyrir öllum í leikskólanum. Einnig er lögð áhersla á að bera virðingu fyrir umhverfinu; leikefni, húsnaði og lóð leikskólans. Það gerum við með því að ganga vel um.

4. Mat á skólastarfi

Innra mat leikskólans

Tilgangur innra mats er að tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá menntun og þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum. Innra mat er byggt á viðmiðum sem eru sett fram í aðalnámskrá, skólanámskrá leikskólans og starfsáætlun. Það veitir upplýsingar um starfshætti, stuðlar að umbótum og auknum gæðum. Matið á að tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrá leikskóla. Áherslur í mati á starfsemi leikskólans Lækjar eru á stöðu, framfarir og líðan barna, markmið og stefnu skólans, stjórnun og vellíðan starfsfólks og viðhorf foreldra. Leikskólastjóri ber ábyrgð á innra mati, matsteymi leikskólans sér um skipulagningu og framkvæmd matsins en matið er samvinnuverkefni allra starfsmanna. Matsteymið leggur fram matsáætlun sem borin er undir stjórnendur og starfsfólk en þar eru skilgreindir þættir sem meta skal á hverju skólaári, þættir sem skoðast sjaldnar ásamt fyrirfram ákveðnum þáttum um grunnþætti menntunar.

Innra mat Álfhóll / Víghóll

Veturinn 2023-2024 voru 25 börn á Álfhóli, 15 börn fædd 2018 og 10 börn fædd 2019. Á Víghól voru 25 börn, 11 börn fædd 2018 og 14 börn fædd 2020. Aðlögun gekk vel og börnin voru fyrstu vikurnar að kynnast nýrri deild, börnum og kennurum. Daglegt starf var vel skipulagt og deildunum var skipt niður yfir daginn í minni hópa. Samverustundum og lestrarstundum var skipt niður í þrennt á báðum deildum. Hópastarfið var byggt upp á að

vinna með læsi, félagsfærni, vináttu og sköpun. Lögð var áhersla á að skapa ró og næði inni á deildum með að fækka börnum í hópum og nýta svæðin betur. Markmið vetrarins var að fara í fleiri vettvangsferðir og valdefla börnin. Lögð var áhersla á að hvert barn færi að lágmarki einu sinni í mánuði í vettvangsferð. Börn fædd 2018 fóru í reglulegar heimsóknir í Smáraskóla og börnin þaðan í heimsókn til okkar í Læk. Það samstarf gekk mjög vel og börnunum þótti gaman að fá að kynnast Smáraskóla. Einnig fór 2018 árgangurinn í ýmsar ferðir eins og í Þjóðleikhúsið, Árbæjarsafnið, Grasagarðinn, bókasafnið í Lindaskóla og fleiri staði. Börnin fóru í útskriftarferð í Viðey og áttu börn og kennarar þar góðan dag saman. Útskriftin var haldin hátíðleg í Læk. Börnin sungu þrjú lög og fengu viðurkenningarskjal og rós. Í Læk fara elstu börnin eftir útskrift í útiskólann. Útiskólinn er staðsettur á Lækjavöllum. Börnin fara daglega í vettvangsferðir í nærumhverfi leikskólans, einnig fara börnin í lengri ferðir, t.d. Sorpu, Kraftvélar, Húsdýragarðinn og margt fleira. Þessi tími sem börnin eru í útiskólanum undirbýr þau ennþá betur fyrir grunnskólann.

Börn fædd 2019 fóru í margar vettvangsferðir, farið var í ferðir í nærumhverfi en einnig lengri ferðir með strætó. Farið var í sögustundir á Lindasafnið og vöktu þær mikla gleði hjá börnunum. Í hópastarfi var unnið með vináttu, læsi og stærðfræði. Unnið var með Lubba allt skólaárið. Máhljóð vikunnar var tekið fyrir á mánudögum og svo var unnið með máhljóðið það sem eftir var viku. Blær kom líka í hverri viku til að tala við krakkana um umburðarlyndi, virðingu, umhyggju og hugrekki. Samvinna við Smáraskóla gekk vel og við fengum til okkar nemendur í leikskólavali vikulega. Litadagar voru mánaðarlega þar sem börnin mæta með eða í einhverju í fyrirfram ákveðnum lit.

Þættir sem Álfhóll / Víghóll vildu vinna markvisst að veturinn 2023-2024 voru eftirfarandi;

Sjálfsbjálþ: Við vildum leggja meiri áherslu á sjálfsbjálþ og sjálfsræði barnanna. Sérstaklega í matartímum og í fataherbergi. Það var gert með því að ræða við þau um viðeigandi klæðnað í mismunandi veðráttu og hvetja þau að klæða sig sjálf.



Vettvangsferðir: Lagt var upp með að fara í þær tvisvar í mánuði með hvern hóp. Það gekk ágætlega en betur þegar fór að vora. Í vettvangsferðunum var nærumhverfi okkar skoðað og stundum var farið í lengri ferðir.

Málörvun/samverustundir: Lagt var upp með að tvískipta samverustundum í eldri og yngri fyrir hádegismatinn til að börnin fengju

aukið rými og að meiri ró skapaðist í þessum stundum. Teljum við að vel hafi tekist til með það sem hefur sýnt sig að samverustundirnar eru markvissari og við sjáum að vellíðan barnanna hefur aukist með því að minnka hópana.



UMBÓTAPÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst og lokið	Hvernig metið/ aðferðir?	Viðmið um árangur
Félagsfærni	Gæði í samskiptum við aðra	Ýta undir náungakærleika, leggja áherslu á að vera góð hvert við annað, umhyggju, hjálpa hvort öðru og skiptast á. Námsfnið Blær	Allir kennarar	Byrjað í haust, en lokið vor 2025	Námsefnið Blær samþöl við börnin, bækur tengdar samskiptum. Minni barnahópar. Skráningar kennara	Að það sé markvisst unnið með minni hópa, Börn sýni framför í samskiptum við aðra t.d með að sýna umhyggju fyrir öðrum og hjálpssemi.
Sjálfbærni og vísindi	Kynnast mismunandi eiginleikum efna/hluta	Rækta fræ hafa sýnilegar tilraunir. Göngutúrar þar sem efniviði er safnað og síðan unnið með hann áfram.	Allir kennarar	Haut 24-vor 25	Skráningar og metið í árslok og aftur að vori	Að börnin fái að prófa ólíkar leiðir til að rannsaka nánasta umhverfi sitt. Að þau fái að vinna með liti form og skugga með fjölbreyttum aðferðum.
Fataherbergi	Auka sjálfstæði, samhjálp og sjálfshjálp barnanna, að þau klæði sig sjálf.	Leyfa þeim að gera sjálf og styðja við og hvetja áfram. Sjónrænt skipulag.	Allir kennarar	Byrja haust 2024 og lokið 2025	Horfa á árangur hverju sinni og samþöl milli kennara.	Að börnin auki sjálfstæði og sjálfsbjörg og geta metið sjálf hvernig þau klæðast eftir veðri. Með hliðsjón af aldri og þroska.



Innra mat: Laufið / Lyngið

Leikskólaárið 2023-2024 voru 18 börn á Lynginu fædd 2021 og 18 börn á Laufinu, 13 börn fædd 2021 og 5 börn fædd 2022. Aðlögunin gekk mjög vel. Haustönnin einkenndist af því að kynnast skólanum, börnum og kennurum, leika sér inni og úti.





Í miðrými leikskólans er salur sem við nýttum okkur einu sinni í viku, þar gefst tækifæri til að fara í þrautabrautir og allskonar frjálsa og skipulagða leiki.

Farið var út daglega nánast í hvaða veðri sem var. Gönguferðir og vettvangsferðir voru farnar í nærumhverfi skólans.

Listaskáli var notaður til að vinna verkefni tengd mismunandi þemavinnu yfir veturinn, ennfremur var unnið að listsköpun inni á deild.

Í fataherberginu var lögð áhersla á að fara með litla hópa í einu og börnin hvött til að hjálpa sér sjálf, þetta gekk misvel í upphafi en í lok skólaárs voru þau flest farin að klæða sig sjálf.

Foreldraviðtöl eru einu sinni á skólaárinu og oftast sé þess óskað. Gerð er TRAS málproskaskráning hjá börnunum og í framhaldi er boðað í foreldrasamtal.



Innra mat: Hvammkot / Þinghóll

Leikskólaárið 2023-2024 voru 21 börn á Hvammkoti, 2 börn fædd 2021 og 19 börn fædd 2020. Á Þinghóli voru 20 börn, 6 börn fædd 2019 og 14 börn fædd 2020. Aðlögunin gekk mjög vel en flest börnin voru að koma frá litla Læk. Haustönnin einkenndist af því að kynnast stóra Læk, leika sér inni og úti og fara í hópastarf. Lubbastund var einu sinni í viku og stundum oftar. Í hópastarfinu var unnið og leikið með máhljóð vikunnar í Lubba, og börnin æfðu sig í að þekkja grunnlitina og grunnform. Blær fór með börnunum í hvíld og farið var í einfaldar Blæstundir, sérstaklega ef upp komu árekstrar í samskiptum milli barnanna. Í miðrými leikskólans er salur sem við nýttum okkur einu sinni í viku, þar gefst tækifæri til að fara í þrautabrautir og allskonar frjálsa og skipulagða leiki. Listaskáli var notaður til að vinna verkefni tengd mismunandi þemavinnu yfir veturinn, ennfremur var unnið að listsköpun inni á deild. Farið var út daglega nánast í hvaða veðri sem er. Á vordögunum fórum við nokkrum sinnum í gönguferðir. Í fataherberginu var lögð áhersla á að fara með litla hóp á einu og börnin hvött til að hjálpa sér sjálf, þetta gekk misvel í upphafi en í lok skólaárs voru þau flest farin að klæða sig sjálf.



Niðurstöður úr matsáætlun 2022-2023

Skólaárið 2022 – 2023 fór leikskólastjóri í ótímabundið leyfi og aðstoðarleikskólastjóri leysti hana af, því var ekki starfandi aðstoðarleikskólastjóri í Læk það skólaárið.

Töluverð veikindi og fjarvera starfsmanna höfðu áhrif á skólastarfið þann vetur.

Fengum við því undanþágu frá mati og skýrslugerð það skólaár.

5. Áherslur í starfi leikskólans

Vinna við námskrá um mál og læsi var fullkláruð. Haldið verður áfram að merkja spilasafn og safna efniviði til að auka aðgengi kennara að námsefni tengdu máli og læsi. Námskrá leikskólans er einnig í vinnslu og stefnt er að því að ljúka vinnslu hennar í vetur. Stofna á matsteymi til að sinna ytra mati en markmið þess er að bæta skólastarfið, efla fagmennsku, bæta upplýsingagjöf og innra eftirlit með skólastarfinu. Innra mat byggir á skólanámskrá og starfsáætlun leikskólans.

Þróunar- og nýbreytnistarf

Handbók um snemmtæka íhlutun, mál og læsi var fullkláruð. Leikskólinn verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólastarfið í heild.

Leikskólinn er í samstarfi við e-Twinning og heldur sú vinna áfram.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar/forsjáraðilar eru hvattir til þátttöku í leikskólastarfinu, mikilvægt er að þeir séu vel upplýstir um vinnu barnanna og starf leikskólans.

Foreldraráð

Samkvæmt lögum þarf foreldraráð að vera starfandi við hvern leikskóla og markmið þess er að styðja við starf leikskólans. Starfsreglur og fundargerðir má finna á heimasíðu leikskólans.

Foreldrafélag

Foreldrafélag er starfandi við leikskólann og tekur stjórn þess þátt í undirbúningi og framkvæmd ýmissa viðburða. Foreldrafélagið stendur fyrir sveitaferð á vorin, piparkökumálun fyrir jólin, glaðning fyrir starfsfólk á aðventunni, jólagjafir barna, leiksýningar og fleira fyrir börnin okkar.

7. Starfsmannamál

Í Læk er gert ráð fyrir 18,55 stöðugildum á deildum, 100% stöðu leikskólastjóra, 90% stjórnunarstöðu aðstoðarleikskólastjóra, 100% stöðu sérkennslustjóra, 85% stöðu sérgreinastjóra og 2,50 stöðugildum í eldhúsi. Að auki er ákveðið starfshlutfall til afleysinga vegna veikinda, undirbúningstíma og sérkennslu barna.

Deildarstjóri er yfirmaður hvernar deildar, en aðrir starfsmenn deilda vinna samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara, nema um sé að ræða starf vegna sérkennslu eða annarra sérverkefna. Vinnuskóli Kópavogs sendir á hverju ári unglinga til starfa í leikskólum Kópavogs og er það skemmtileg og góð viðbót við starfsmannahópinn á sumrin.

8. Símenntunaráætlun

Leikskólastjórnendur ákvarða almenna þörf fyrir námskeið/endurmenntun út frá áhersluatriðum næsta skólaárs, óskum starfsmanna og fjárhagsáætlun skólans. Starfsfólk fer á námskeið og fyrirlestra sem nýtast skólastarfinu, auka faglegan og persónulegan þroska og hæfni starfsmanna. Starfsfólki er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á samkvæmt símenntunaráætlun.

Lögð er áhersla á að hvetja starfsfólkið til að fylgjast með hvaða námskeið eru í boði fyrir starfið og sækja þau.

Námskeið sem farið var á 2023 – 2024

- Flestir starfsmenn hafa sinnt fræðslu og örnámskeiðum á Fræðslutorgi Kópavogsbæjar.
- Nokkrir starfsmenn luku BOFS námskeiði.
- Stjórnendur hafa farið á Velferð á vinnustað námskeið og mannauðsráðgjafar verið með fræðslu á skipulagsdegi um verkefnið.
- Deildarstjórar fóru á deildarstjóranámskeið á vegum þekkingarmiðlunar.
- Trúnaðarmannanámskeið 2. og 3. deild.
- Stjórnendur fóru á stjórnendanámskeið hjá þekkingarmiðlun
- Stjórnendadagur Kópavogsbæjar
- Kynning var á skipulagsdegi á snemmtækum stuðningi, tilkynningum til Barnaverndar og starfsemi Barnaverndar.
- Kraganámskeið
- Kennarar í sérkennslu fóru á Pecs námskeið
- Kennarar í sérkennslu fóru á Teach námskeið
- Stjórnendur fóru á námskeið í Atvik

Skipulagsdagar

Skipulagsdagar í leikskólum Kópavogsbæjar eru fimm á ári. Fjórða hvert ár geta leikskólar sótt um sjötta skipulagsdaginn ef um námsferð erlendis er ræða. Skipulagsdagar verða nýttir til að efla fagþekkingu, styrkja starfshópinn og skipulag starfsins.

Skipulagsdagar - skólaárið 2024-2025

- 28. september – undirbúningur vetrarstarfsins
- 13. nóvember – Réttindarskóli Unicef
- 13. janúar – skólastarfið fyrir vorönn 2024 undirbúið. Skyndihjálparnámskeið
- 12. mars – Vinna við námskrá og læsisstefnu leikskólans
- 16. maí – Óákveðið

9. Aðrar upplýsingar

Fjöldi barna

129 börn verða í Læk næsta skólaárið, 34 börn fædd 2019, 34 börn fædd 2020, 25 börn fædd 2021, 31 börn fædd 2022 og 3 börn fædd 2023. Síðustu tveimur plássum verður úthlutað í desember.

Húsnæði og lóð

Allar deildir nema Álfhóll í Stóra Læk ásamt salernisaðstöðu barna voru málaðar í sumar. Miklar framkvæmdir voru í eldhúsi í sumarlokuninni þar sem skipta þurfti um fitusú og fleira tengt þeirri framkvæmd. Hillur og annar húsbúnaður var endurnýjaður á deildum.

Ósk um viðhald skólaárið 2024 – 2025

Í Stóra Læk á eftir að dúkaleggja deildir. Endurnýja þarf hillur og annan búnað í Lágaholti / listaskála.

Í litla Læk vantar fataskápa fyrir útiföt starfsfólks.

Endurnýja þarf gardínur og annan húsbúnað á Lækjavöllum.

Óskað hefur verið eftir uppvottavél á Lækjavöllum.

Öryggismál

Í leikskólanum er starfandi öryggisvörður og öryggistrúnaðarmaður sem og áfallaráð. Hlutverk þeirra er m.a. að stuðla að öryggi og heilbrigði starfsfólks og barna og koma í veg fyrir heilsutjón og til þess að unnið sé eftir viðbragsáætlunum.

Hlutverk áfallaráðs er að koma að málum sem hafa áhrif á andlega líðan barna og starfsfólks svo sem slys, veikindi, sorg eða einelti.

Í leikskólanum Læk eru til eftirfarandi áætlanir:

- Áfallaáætlun
- Jafnréttisáætlun
- Jafnréttis- og mannréttindastefna Kópavogsbæjar
- Stefna Kópavogsbæjar gegn einelti, kynferðislegri og kynbundinni áreitni og ofbeldi
- Verklagsreglur Menntasviðs Kópavogs um viðbrögð við ofbeldi í stofnunum sviðsins.
- Slys eru skráð í gegnum forritið Atvik í samstarfi við Vís.

Hagnýtar upplýsingar

Á [vefsíðu Kópavogsbæjar](#) er hægt að nálgast allar nýjustu upplýsingar um leikskóla bæjarins. Þar er meðal annars að finna:

- Námskrár fyrir leikskólabörn: [leikskolar](#)
- Innritun í leikskóla: [innritunarreglur](#)
- Upplýsingar um sérkennsluúrræði:
- Verklagsreglur leikskóla:
- Gjaldskrá fyrir almenn leikskólagjöld: [gjaldskra](#)
- Stefnur í leikskólamálum:
- Næringarstefna leikskólans: [Leikskolar/naeringarstefna](#)

Ásamt fjölda umsóknayðublaða.